

Efni: Umsögn vegna skipulagslýsingar fyrir blandaða byggð í landi Ljárskóga í Dalabyggð

Breiðafjarðarnefnd fékk til umsagnar skipulagslýsingu fyrir blandaða byggð í landi Ljárskóga í Dalabyggð. Nefndin hefur skoðað skipulagslýsingu og gerir nokkrar athugasemdir við hana.

Skipulagssvæðið nær um 3,1 km meðfram strandlengju Breiðafjarðar, sem er vernduð samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd undirstrikar tilgang verndunar Breiðafjarðar, sem samkvæmt 1. grein laganna á að ...“stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja”¹.

Skipulagslýsingin fyrir blandaða byggð í landi Ljárskóga hefur möguleg áhrif á alla þætti verndunar Breiðafjarðar; landslagið, jarðmyndanir og menningarminjar.

Landslag

Landslag verndarsvæðis Breiðafjarðar er fjölbreytt og tilheyra eyjar og fjörur Breiðafjarðar verndarsvæðinu. Landslagið er grunnur að fjölbreyttu lífríki svæðisins og telst Breiðafjörður í heild sinni sem mikilvæg fuglabbyggð og byggir ríkt fuglalífið fyrst og fremst á auðugu lífríki fjara og grunnsævis².

Vistgerðir

Í skipulagslýsingunni kemur fram að samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands um sérstaka vernd er á skipulagssvæðinu lítt raskað votlendi sem er stærra en 20.000 m² og meira en 200 m frá skurðum. Tekið er fram að flokkun vistgerða í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands „byggist á sjálfvirkum lestri úr gervitunglamyndum og er því nokkuð ónákvæm. Þarna er t.d. ekkert votlendi. Þvert á móti er land fremur þurr”³. Breiðafjarðarnefnd heldur því fram ákvörðunartaka þurfi að byggjast á góðri kortlagningu vistgerða með vettvangsathugun á svæðinu. Staðbundin athugun á gróðri mun leiða í ljós hvort um er að ræða votlendi á svæði sem fellur undir sérstaka vernd 61. grein laga nr. 60/1013 um náttúruvernd.

Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að við framtíðaruppbyggingu svæðis verði hugað að langtímaáhrifum vistgerðabreytinga sem fylgja breytttri nýtingu svæðis og leitast við að raska ekki vistgerðum með hátt verndargildi.

Vistgerðisbreytingar sem fylgja breytttri nýtingu ættu að mati Breiðafjarðarnefndar að vera í samræmi við verndargildi Breiðafjarðar vegna nálægðar skipulagssvæðis við verndarsvæði. Breiðafjarðarnefnd telur ekki æskilegt að skipulag í landi Ljárskóga breyti landslagsmynd svæðisins

¹ Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>, 1. grein.

² Náttúrufræðistofnun Íslands. (e.d.). *Breiðafjörður - SF-V 8*. <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/breidafjordur>


³ Studio A Schram. (2023). *Skipulagslýsing: Ljárskógar í Dalabyggð*, bls. 5.

og ef farið verður í vistgerðisbreytingar, t.d. skógrækt, verði þeim háttað á þann veg að þær hindri hvorki aðgang né útsýni út á Hvammsfjörð og stuðli þannig að vernd landslags Breiðafjarðar.

Dýralíf

Samkvæmt skipulagslýsingu svæðisins er landselalátur fyrir vestan deiliskipulagssvæðið. Tekið er fram að selalátrið á Ljárskógaskeri er hluti af heildartalningarsvæði fyrir landseli, en það svæði nær yfir allan innsta hluta Hvammsfjarðar.

Þegar skipulagssvæðið er skoðað nánar í samhengi við landselastofninn á svæðinu (mynd 1) sést að fimm selalátur eru á eða í næsta nágrenni við skipulagssvæðið. Skilgreining talningarsvæðisins gefur til kynna að öll strandlengjan við innri hluta Hvammsfjarðar sé mikilvæg fyrir landseli þó að selalátur séu afmörkuð.



Mynd 1: Selalátur við skipulagsvæðið við innsta hluta Hvammsfjarðar.

Landselur er á íslenskum válista vegna fækkunar síðustu áratugi. Íslenski landselstofninn var metinn 10.319 árið 2020. Þetta er mikil fækkun frá upphafi talninga árið 1980 er stofninn var metinn um 33.000 dýr⁴.

Landselur er ein af nokkrum tegundum á válista sem nýta skipulagssvæðið. Haförninn er metinn í hættu. Hann nýtir skipulagssvæðið en 63% allra arnarpara verpa við Breiðafjörð⁵. Innsti hluti Hvammsfjarðar er einnig mikilvægur fyrir tjald og er talið að a.m.k. hundruð fugla hafa sést að vetrarlagi á svæðinu⁶. Tjaldur er talinn tegund í nokkurri hættu⁷.

⁴ Granquist, S. M. (2022). The Icelandic harbour seal (*Phoca vitulina*) population: trends over 40 years (1980–2020) and current threats to the population. NAMMCO Scientific Publications 12.

<https://septentrio.uit.no/index.php/NAMMCOSP/article/view/6328/6921>

⁵ Náttúrufræðistofnun Íslands. (2018). *Haförn (Haliaeetus albicilla)*.

<https://www.ni.is/is/biota/animalia/chordata/aves/falconiformes/hafor-haliaeetus-albicilla>

⁶ Náttúrufræðistofnun Íslands. (2016). *Fjölrit Náttúrufræðistofnun nr. 55, desember 2016*.

https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf, bls. 90.

⁷ Náttúrufræðistofnun Íslands. (2018). *Válisti fugla*.

<https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>

B-hluti náttúruminjaskrár

Hvammsfjörður, sem hluti Breiðafjarðarsvæðis, er í tillögu að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár⁸. Breiðafjörður er tilnefndur á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða, fugla og sela.

Framkvæmdir við Breiðafjörð ættu að mati Breiðafjarðarnefndar að leitast við að grafa ekki undan verndargildi svæða á B-hluta náttúruminjaskrár.

Menningarminjar

Eins og hefur verið nefnt er vernd menningarminja hluti af verndun Breiðafjarðar samkvæmt lögum nr. 54/1995. Skipulagslýsing tekur fram að fornleifaskráning hafi ekki farið fram.

Breiðafjarðarnefnd ítrekar að vernd menningarminja er grunnstoð laga um vernd Breiðafjarðar og beinir því til sveitarfélagsins að fornleifaskráning verði framkvæmd á skipulagssvæðinu.

Undanþága vegna lágmarksfjarlægðar frá sjó

Í deiliskipulagslýsingu er sótt um undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar fyrir öll svæði varðandi lágmarksfjarlægð frá sjó. Gert er ráð fyrir að fjarlægðir séu 30 m í stað 50 m.

Breiðafjarðarnefnd telur að mikilvægi strandsvæðisins á skipulagssvæði, bæði hvað varðar lög um vernd Breiðafjarðar og dýralíf, sýni fram á að óaskilegt sé að leyfa framkvæmdir að teygja sig nær sjó en skipulagsreglugerðir leyfa. Breiðafjarðarnefnd ítrekar að strandsvæðið hefur mikilvæga þýðingu og framkvæmdir svona nærri sjónum gætu haft neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

Fráveita

Skipulagslýsingin setur ekki fram upplýsingar um fráveitumál. Fráveita við fjöru Breiðafjarðar getur haft áhrif á verndarsvæði og þarf að mati Breiðafjarðarnefndar þess vegna að hanna hana með verndargildi Breiðafjarðar í huga.

Breiðafjarðarnefnd vill að lokum undirstrika mikilvægi strandsvæðis Breiðafjarðar. Breiðafjörður er verndaður samkvæmt lögum nr. 54/1995 um Breiðafjörð og er tilgangur verndunar að stuðla að verndun svæðisins, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Fyrirhugaðar framkvæmdir í landi Ljárskóga munu valda áhrifum á alla þætti verndunar og þarf þar af leiðandi að skipuleggja svæðið með varúð. Nefndin telur að umsókn um undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar fyrir öll svæði varðandi lágmarksfjarlægð frá sjó skerði verndargildi svæðisins.

⁸ Náttúrufræðistofnun Íslands. (2020). *Breiðafjörður*. <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/breidafjordur>

Virðingarfyllst,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar